**Bekkur:** 3.bekkur

**Námsgrein:** Náttúrugreinar (samþættist við íslensku, samfélagsgreinar og upplýsinga og tæknimennt)

**Kennarar:** Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

**Tímafjöldi:** 2 tímar á viku

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**
Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu landakort, Komdu og skoðaðu hafið, Halló heimur 2, Milli himins og jarðar- hrafninn, vettvangsferðir, ýmsir vefir t.d. fuglavefurinn, Náttúrustofnun Íslands o.fl.

**Lykilhæfni:**
Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Verklag - geta til aðgerða | Að nemandi:<br>• útskýri hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.<br>• sýni virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. | Unnið með námsefnið á fjölbreyttan hátt og samþætting við aðrar námsgreinar. Einstaklings- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir. | Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat.<br><br>Verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð |
| Verklag - nýsköpun og hagnýting þekkingar | • komi auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.<br>• bendi á störf sem krefjast sérþekkingar. | | |
| Verklag - gildi og hlutverk vísinda og tækni | • útskýri hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.<br>• geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana. | | |
| Verklag - vinnubrögð og færni | • geti tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.<br>• þjálfist í að skrá atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og segi frá þeim.<br>• geti hlustað á og rætt hugmyndir annarra.<br>• þjálfist í að nota ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.<br>• þjálfist í að afla sér upplýsingar er varða náttúruna.<br>• þjálfist í að útskýra valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. | | |
| Verklag - ábyrgð á umhverfinu | • geti nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.<br>• þjálfist í að ræða eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. | | |
| Að búa á jörðinni | • taki þátt í og segi frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi.<br>• geti lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.<br>• geti notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð. | | |
| Lífsskilyrði manna | • útskýri mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.<br>• ræði fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.<br>• bendi á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.<br>• segi frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.<br>• þekki einkastaði líkamans | | |
| Náttúra Íslands | • segi frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.<br>• lýsi algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.<br>• geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða. | | |
| Heilbrigði umhverfisins | • fjalli um samspil manns og náttúru.<br>• geti flokkað úrgang.<br>• samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.<br>• flokki gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.<br>• ræði hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.<br>• geri grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins. | | |